



2, 6.

N. STEINGRÍMUR THORLÁKSSON
RITSTJÓRI.

Mai 1907.

BLÓMIÐ OG SÓLARGEISLINN.

Lengi var sólargeislinn búinn að faðma og kyssa blómið. Honum var svo ant um, að það gæti orðið stórt og fallett og öllum til ánægju. Því honum þótti vænt um það. Enda hafði blóminu farið vel fram. Það var orðið lang-fallegasta blómið.

Allir, sem sáu það, dáðust að því og sögðu: „Nei, sko blómið að tarna! Hvað það er yndislegt og elskulegt! Og hvað það angar!“ Og þeir önduðu hrifnir að sér hressandi loftinu—teiguðu það í stórum teigum. Og andlitin á þeim urðu eins og eintómt sólskin. Svona mikil unun var þeim að því, að drekka í sig loftið. Það var sólargeislinn, sem kom fram í andlitunum á þeim. En þeir þökkuðu blóminu. Þótti enn þá vænna um það. Og dáðust enn þá meir að því.

Þeir, sem voru skáld, orktu nú um blómið lofkvæði. Söngmenn sungu um það lofsöngva. Ræðumenn fluttu því lofræður. Og þeir, sem ekki voru neitt af þessu, töluðu um það á hverndagsmáli sínu eins loflega og þeim var unt.

En blómið breyttist nú. Það þoldi ekki alt lofið. Fór nú að finna til sín. Því fanst það vera orðið einhver fyrirtaksgersemi. Til þess hafði það ekki fundið neitt áður. Hafði

að eins fundið til eins — til þess, hvað sólargeislinn var góður við það.

En nú gleymdi það sólargeislanum. Hlustaði að eins á lofsönginn. Og vaggaði sér viðkvæmnilega í tónunum. Og í litla læknum, sem leið hægt fram hjá því, speglaði það sig. Og því fanst það vera svo satt alt saman — svo yndislega satt alt, sem lofið söng um það. Og það viknaði af því, hvað sannleikurinn væri góður og skemtilegur.

Þegar sólargeislinn kom og vildi nú kyssa það og faðma, eins og hann hafði verið vanur að gera, þá sneri það upp á sig og vildi ekki þýðast hann. Það var ekki lengur upp á hann komið, fanst því.

Hann fór þá og faldi sig, og kom ekki um stund til blómsins. En honum þótti fyrir; því hann elskaði blómið.

Nú fór blóminu óðar að hnigna. Föguru litirnir voru á förum. Það fölnaði. Og ilmurinn þvarr.

Þeir, sem dást höfðu að því og lofað það, skáldin, söngmennirnir, ræðusnillingarnir og allir hinir, sögðu nú: „Hvað gengur að blóminu? Ósköp eru að sjá, hvernig það lítur út!“ — Og þeir hættu að horfa á það og að hugsa um það. Höfðu nú ekkert gagn af því lengur. Og steinþögðu um það.

Blóminu leið nú illa. Og það leit niður í litla lækinn og sá myndina sína. Það mintist þess, sem áður hafði verið, og fór að gráta. „Æ, að sólargeislinn vildi koma aftur til mín og kyssa mig og faðma mig, eins og hann var vanur að gera“ — sagði það við sjálft sig. En sagði það undur lágt. Það þorði eins og ekki að segja það.

En sólargeislinn heyrði það samt; því hann heyrir svo dæmalaust vel. Og hann sá tárin í augunum á blóminu. Og hljóp óðar á stað. — Og sólargeislinn er ósköp fljótur að hlaupa. — Og hann kysti blómið og faðmaði það að sér, eins og hann hafði verið vanur að gera, nema hvað blóminu fanst hann vera miklu hlýrri og betri við sig en nokkurn tíma áður.

„En hvað veðrið er orðið blessað og gott“ — sagði blómið. „Og fallett alt í kring um mig!“ — Og nú var hýrnað yfir því. Sömu föguru litirnir færðust í kinnarnar. Og sama ilmandi loftið var um það eins og áður.

Þá var aftur farið að taka eftir því, og dást að því, og lofa það, eins og áður. En nú fann það ekki lengur til sín, þegar það heyrði lofsönginn, en sagði bara: „Það er alt sólargeislanum að þakka.“

Og nú hélt það áfram að vera fallega blómið, sem gladdi aðra; því sólargeislinn hætti aldrei að faðma það og kyssa.

„GEFÐU ÖLLUM FUGLUM FRID A VORIN.“

(Bandalagssöngvar 131.)

Sumir drengir hafa gaman af að drepa litlu fuglana, annaðhvort með því að henda í þá grjóti eða með því að skjóta á þá. Og ef þeim tekst að drepa einhvern þeirra, þykjast þeir miklir menn. Svei þessari mikilmensku! Og svei þeirri skemtun! Það er vondur maður, sem kemur fram í öðru eins. Og honum þarf að sálga. Að ráðast á hann og leggja hann að velli væri mikilmenska, er sæmði drengjunum okkar.

Litlu fuglarnir heimsækja okkur á vorin. Okkur þykir vænt um komu þeirra. Þeir skemta okkur með söngnum sínum, fagra fjaðralitnum, fluginu sínu og hoppinu grein af grein. Við eigum þá öll að taka vel á móti þeim, en ekki fara illa með þá.

Nær því óðar en þeir koma, byrja þeir á því að búa til hreiðrin sín, fallegu rúmin handa eggjunum sínum. En hvað þeir vinna ákaft og ötult við það! Byrja í býti á hverjum morgni. Tína saman allskonar smá-dót, allra-handa efni hentugt fyrir litla húsið, sem geyma á allar framtíðar- vonirnar þeirra, litlu eggin, er litlu ungarnir þeirra eiga að koma úr. Þeir dunda ekki við verkið sitt; heldur keppast þeir við og hafa augsýnilega skemtun af að vinna.

Er það þá ekki líka ljótt að rífa niður hreiðrin þeirra, leggja í eyði litlu húsin, sem þeir hafa haft svo mikið fyrir? Finna ekki börn til, þegar einhver vondur strákur kemur og rífur hús, sem þau hafa verið að byggja sér? Og fara þau þá ekki að gráta? Og ætli litlu fuglarnir finni ekki líka til, þegar ónýtt er fyrir þeim verkið þeirra?

Énn þá verra er það þó, er egginn eru tekin frá þeim. Því enn þá meir finna þeir til út af því, eins og hver hlýtur að skilja, sem hugsar um það. Hreiðrið var til búíð á einhverjum hentugum stað, til þess það yrði bústaður handa litlu eggjunum. Svo komu þau, litlu grænu, gráu, gulu, freknóttu, bláu, mórauðu og marglitu egginn. Og mamma kúrir á þeim og passar þau og heldur þeim heitum; en pabbi útvegar matinn. Báðum þykir svo undur vænt um egginn og þau hlakka til þess, þegar ungarnir skríða úr þeim.

En svo kemur einhvern góðan veðurdag drengnokki auga á hreiðrið, fer og nær í egginn og tekur þau, bara að gamni sínu —tekur aleigu litlu hjónanna, hið eina, sem þau elska. Og þegar þau svo koma að hreiðrinu sínu, finna þau það tóma. Aleiga þeirra er farin.

Ætli þau finni þá ekki til? Jú, sannarlega finna þau til. Það er auðséð á þeim og auðheyrt líka, þegar þau fljúga í kring um tóma hreiðrið sitt og leita. Þau gráta þá á sinn hátt.

Það er kvöl fyrir litlu fuglana að missa egginn sín. Og enginn góður drengur getur haft gaman að því að kvelja þá, saklausu litlu fuglana. Við ættum heldur að hafa gaman að því að gleðja þá. Og drengirnir okkar ættu allir að vera svo góðir drengir, að þeir hefðu skemtun af því að vera góðir við litlu fuglana og allar skepnur.

Kristnu drengirnir okkar eiga að láta allar skepnur finna til þess, að þeir eru *kristnir drengir*.

VANÞAKKLÁT BÖRN.

Gamall málsháttur einn hljóðar svo: „Hægra á einn faðir með að fæða sex börn en sex börn einn föður.“ Eftirfylgjandi smásaga er góð sönnun upp á þennan málshátt.

Það var einu sinni faðir, sem í lifanda lífi gaf börnum sínum alt, sem hann átti. Um leið vonaði hann, að þau myndu sjá fyrir sér, og lofa honum að vera hjá sér. Þegar hann hafði nú verið um tíma hjá elsta syni sínum, varð hann leiður á honum, og sagði:

„Pabbi! í nótt hefur konan mín eignast son, og þar sem hægindastóllinn þinn stendur, þar verður nú vaggan hans að vera. Viltu ekki flytja til bróður míns, sem hefur stærri stofu?“

Þegar hann hafði nú verið nokkurn tíma hjá hinum syni sínum, gerðist hann einnig þreyttur af að sjá fyrir gamla mannum, og sagði:

„Pabbi! þú vilt endilega hafa heitt herbergi, en mér verður ilt í höfðinu af því; viltu ekki fara til bróður míns, sem er bakari? Hann getur betur þolað hitann.“

Faðir hans fór; og þegar hann hafði verið hjá þessum þriðja syni sínum um tíma nokkurn, varð hann einnig honum til þyngsla, svo að hann sagði við föður sinn:

„Hjá mér gengur fólk einatt út og inn, og það veldur því, að þú getur ekki í næði fengið þér miðdagsdúr þinn; viltu ekki heldur vera hjá Katrínu systur, þar sem er meiri kyrd?“

Og gamli maðurinn, sem skildi hvað klukkan sló, sagði við sjálfan sig:

„Gott og vel! eg vil gera það; eg skal fara í burtu, og reyna að dvelja hjá dætrum mínum. Kvenfólkið hefur venjulegast bliðara hjarta.“

En þegar hann hafði um tíma dvalið hjá dóttur sinni, varð hún einnig leið á honum, og bar það í vænginn, að hún væri æfinlega svo hrædd, í hvert sinn, sem faðir hennar færi til kirkju eða eitthvað annað; og þyrfti að fara ofan af hinum háu tröppum. Hjá Elísabetu systur sinni þyrfti hann ekki að ganga niður neinar tröppur, því að hún byggi á fyrsta gólf.“


Til þess að halda friði, lét gamli maðurinn sem hún myndi hafa á réttu að standa, og flutti sig því til hinnar dóttur sinnar. En þegar hann hafði verið hjá henni eina tvo sólarhringa, var hann einnig orðinn henni að byrði; lét hún hann því skilja, að herbergin sín væru svo saggafull, fyrir mann, sem þjáðist af gigt; systir sín, sem væri gift grafaranum við St. Jóhannesar-kirkju, hefði þar á móti þurran og heilnæman bústað. Gamli maðurinn trúði, að hún myndi hafa á réttu að standa, og flutti sig til yngstu dóttur sinnar, sem hét Lína. Og þegar hann

hafði verið að eins stuttan tíma hjá henni, sagði sonur hennar við afa sinn:

„Mamma sagði í gær við Elísabetu móðursystur mína, að ekki verði fundið neitt betra pláss fyrir þig en herbergi eins og þau, sem faðir minn grefur.“

Þegar öldungurinn hafði hlustað á þessa ræðu, þá brast hjarta hans, og hann hneig aftur á bak í hægindastól sínum og andaðist. Kirkjugarður St. Jóhannesar-kirkju tók á móti honum, og var miskunnsamari við hann en öll börnin hans sex; því þar getur hann nú sofið óáreittur og í friði.

J. P. ÍSDAL þýddi.



ÓSÉRPLÆGNI.

(Þýtt—handrit H. Kr. Fr.)

Árið 1512 gerðu Brescia-búar, uppreist gegn Frökkum. Frakkar réðust því á borgina, unnu hana og vændu. Hinn frakkneski riddari Bayard var þá í liði Frakka; var hann særður þegar í byrjun umsátursins, og lét flytja sig í hús tigins manns eins þar í borginni. Herramaður þessi átti dætur tvær, mjög fríðar sýnum. Bayard sá um, að herramanni þessum og skuldaliði hans væri alls ekkert mein gert, og skipaði liðsmönnum tveimur við húsdyrnar og gaf þeim átta hundruð ríkisdala, svo að þeir yrðu skaðlausir, þar sem þeir mistu af öllum ránfeng á meðan. Fé þetta hafði Bayard fengið í sinn hluta af herfanginu, því að sjálfur var hann maður fátækur.

Að nokkrum tíma liðnum ætlaði Bayard að halda aftur til hersins, og var þó eigi algróinn sára sinna. En er hann var ferðbúinn, gekk húsmóðirin inn til hans, varpaði sér fyrir fætur honum og mælti: „Að hernaðarlögum er fé vort og fjör á yðar valdi; auk þess hafið þér frelsað oss frá allri vanvirðu. Alt um það þekkjum vér svo veglyndi yðar, að vér vonum, að þér beitið eigi of mikilli harðneskju við oss, og látið yður lynda þessa litlu gjöf; er hún reyndar fremur samboðin efnahag vorum en þakklátstilfinningu vorri.“

Að því mæltu rétti hún honum stálvafinn kistil, sem fullur var af gullpeningum. Bayard brosti við, og spurði, hversu mikið væri í kistlinm. Húsfreyju brá við og varð hún hrædd um, að honum kynni að þykja féð lítið, og mælti: „Tvær þúsundir og fimm hundruð gullpeninga, herra minn; en ef yður þykir

það lítið, munum vér gera sem oss er framast auðið, til að gera yður, hinn veglynda velgerðamann vörn, ánægðan.“

„Eg beiðist einskis fjár, kona góð,“ mælti Bayard; „umhyggja sú, er þér hafið fyrir mér borið, er miklu meiri en svari greiða þeim, er eg hef getað yður gert.“

Húsfreyja varð fremur forviða við svo fágæta ósérplægni en að hún gleddist við hana. Hún varpaði sér að nýju fyrir fætur velgjörðamanni sínum, og sór og sárt við lagði, að hún stæði eigi fyrr upp en hann tæki á móti þessum litla votti um þakklátsemi hennar.

Þá mælti Bayard: „Eg vil þá eigi neita yður um það, þar sem þér fyrir hvern mun viljið svo. En mætti mér auðnast sá sómi, að kveðja dætur yðar?“

Þá er hinar ungu meyjar komu, þakkaði hinn veglyndi hermaður þeim fyrir aðhjúkrun þeirra við sig, og kvað sér ilt þykja, að hann gæti eigi gefið þeim neitt til menja. „En hermenn“—mælti hann—„hafa sjaldan kostgripi, er sæmi ungum meyjum eins göfugum og þið eruð. Móðir ykkar hefur gefið mér tvær þúsundir og fimm hundruð gullpeninga. Af fé þessu gef eg hvorri ykkar eina þúsund að brúðgjöf; en þau fimm hundruð, sem um fram eru, ætla eg veslings-nunnunum í borg þessari, sem ræntar hafa verið, og bið eg yður, að skifta fé þessu á milli þeirra.“



DROTTINSVIKARINN SÆTIR AVALT FYRIR-LITNINGU.

(Þýtt—handrit H. Kr. Fr.)

Í sjö-ára-styrjöldinni var einhverju sinni maðr nokkur leiddur fyrir Friðrik annan Prússakonung. Maður þessi hafði áður verið í þjónustu hershöfðingja Austurrikismanna, en hlaupið á burt frá honum. Hann seldi konungi í hendur ýms áriðandi skjöl, er sjá mátti af ýmsar ráðagerðir fjandmannanna. Konungr bauð að gefa honum miðdegisverð, og kallaði hann síðan fyrir sig, og mælti þannig til hans: „Eg get eigi tekið þig í mína þjónustu; því að hvert traust gæti eg borið til þess manns, er gerst hefur drottinsvikari. Þarna hefur þú hundrað *Louisdóra* fyrir greiða þann, er þú ætlar að þú hafir gert mér; en haltu burt sem skjótast, og lát þig aldrei frammar sjá í herbúðum mínum né liði; að öðrum kosti mun eg láta hengja þig á gálga.“

FÖGUR GJAFU-ADFERD.

(Þýtt—handrit H. Kr. Fr.)

Í liði Turenne's hershöfðingja var sveitarföngi einn af göfugum ættum, og hinn siðferðisbesti maður, en bláfátækur. Turenne tók eftir því, að hestr sveitarföngja þessa var næsta rýr og vesall. Turenne bauð honum því einhverju sinni til veislu hjá sér; en er borð voru upp tekin, tók hann hann afsíðis og mælti til hans: „Eg verð að biðja yður einnar bóonar, og vona eg, að þér synjið mér hennar eigi. Eg er orðinn gamall, og veitir mér því örðugt að ríða fjörugum hestum. Eg sá síðast, að þér ríðuð hesti einum, sem var að öllu að mínu skapi. Viljið þér ekki láta mig fá hann? Eg skal gefa yður aftur ann-
hest frá mér.“

TIL GAMANS.

Það sprakk. — „Þú ættir ekki að hlæja svona hátt í skól-
anum, Fiddi minn!“—kallaði kennarinn.

„Eg ætlaði ekki að gera það“—sagði Fiddi. „Eg brosti bara; en svo sprakk það alt í einu.“

„Sameiningin“ kemr út mánaðarlega. Hvert númer tvær arkir heilar. Verð einn dollar um árið. Skrifstofa 118 Emily St., Winnipeg, Canada. „Börnin“—barnablaðið nýja—er sérstök deild í „Sam.“, hálf örk. Address ritstjóra „Barnanna“: Selkirk, Man. — „Börnin“ koma og út sérstaklega—og eru seld fyrir 35 ct.

Hr. Sigrbjörn A. Gíslason í Reykjavík er aðal-umboðs-
maður „Sam.“ á Íslandi.

Hr. Jón J. Vopni er féhirðir og ráðsmaður „Sam.“ og „Barn-
anna“.

Address: Sameiningin, P. O. Box 689, Winnipeg, Man.
Canada.